



## Gistinóttum erlendra ferðamanna á hótélum fjölgar alls staðar á landinu


Gistinóttum erlendra ferðamanna á heilsárshótélum fjölgaði alls staðar á landinu á fyrstu fjórum mánuðum ársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Þetta má lesa úr tölum Hagstofunnar.

Í umræðunni hefur verið að nokkuð hafi borið á afbókunum á gistirými á Vesturlandi og Vestfjörðum upp á síðkastið. Talað hefur verið um 35-40% fækkun á gestum í þessu sambandi. Nú ná tölur Hagstofunnar einungis til og með aprílmánaðar þannig að ef þessi þróun er nýtilkomin er eðlilega ekki hægt að sjá hana í tölum Hagstofunnar fyrr en nýrri tölur berast. Tölur Hagstofunnar ná einnig einungis utan um heilsárshótel en þróunin í annars konar gistirými kann að hafa verið mun verri á síðustu mánuðum.

### ***Fjölgunin er minni eftir því sem lengra er farið frá höfuðborgarsvæðinu***


Fjölgun gistinátta var töluvert breytileg eftir landsvæðum á fyrstu mánuðum ársins. Þannig var fjölgunin einna minnst á landsvæðum sem eru lengst frá höfuðborgarsvæðinu; Norðurlandi, Austurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum<sup>1</sup>. Fjölgun gistinátta var minnst á Austurlandi, rúm 13% en næstmínst á Norðurlandi eða 23%. Fjölgunin var ívið meiri á Vesturlandi og Vestfjörðum eða tæp 31%. Þessi þróun skýrist að einhverju leyti af því að dvalarlengd ferðamanna hefur verið að stytta á síðustu misserum hér á landi m.a. vegna styrkingar krónunnar sem hefur hækkað dvalarkostnað ferðamanna. Styttri dvalarlengd dregur úr svigrúmi ferðamanna til að ferðast yfir langan veg hér á landi. Þar sem nær allir ferðamenn sem sækja landið heim koma í gegnum Leifsstöð er ljóst að styttri dvalarlengd kemur harðast niður á þeim svæðum sem eru langt frá millilandaflugvælinum.

Þetta þýðir einnig að sú styrking sem orðið hefur á krónunni á síðustu misserum og möguleg áframhaldandi styrking til framtíðar mun koma



Fyrstu 4 mánuðir hvers árs bornir saman við sama tímabil árið áður. Hér er einungis horft á erlenda ferðamenn.  
Heimild: Hagstofa Íslands

### **Fjölgun gistinátta á heilsárshótélum**



Fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna á fyrstu 4 mánuðum ársins borið saman við sama tímabil í fyrra  
Heimild: Hagstofa Íslands

<sup>1</sup> Vesturland og Vestfirðir eru flokkaðir saman í gögnum Hagstofunnar  
Hagsjá



harðar niður á svæðum eins og Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum en þeim svæðum sem liggja nær millilandafluginu.


### Lítill fjölgun á höfuðborgarsvæðinu

Það sem er einnig athyglisvert í þessu er að fjölgun gistinátta á höfuðborgarsvæðinu var ekki nema rúm 16% milli þessara tímabila og þannig einungis örlítið meiri en á Austurlandi þar sem hún var verst. Hér kann þó skýringanna við litlum vexti að vera finna í því að nýting herbergja er mjög há á höfuðborgarsvæðinu og því spurning hvort minni vöxtur skýrist ekki hreinlega af vöntun á hótelrymi. Herbergjanýting lá á á bilinu 80-96% á fyrstu fjórum mánuðum ársins á höfuðborgarsvæðinu. Þó að fjölgunin hafi verið einungis aðeins meiri á höfuðborgarsvæðinu en Austurlandi er rekstrarumhverfi hótela á höfuðborgarsvæðinu allt annað og betra. Það sést einna best ef herbergjanýting er borin saman, en hún var á bilinu 10-33% á Austurlandi.

### Dvalarlengdin fylgist að við gengisbreytingar


Gengi krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum var töluvert sterkara á fyrstu fjórum mánuðum ársins en á sama tímabili í fyrra. Gengi Bandaríkjadollars var 12,4% lægra gagnvart krónu, gengi pundsins 23,9% lægra og gengi evru 15,8% lægra. Þrátt fyrir það fjölgaði gistinóttum erlendra ferðamanna á heilsárshótelum alls staðar á landinu milli ára. Þeim fjölgaði hins vegar ekki í samræmi við fjölgun ferðamanna. Fjölgun ferðamanna á fyrstu fjórum mánuðum ársins nam 55,7% miðað við sama tímabil í fyrra borið saman við fjölgun gistinátta upp á 26,2%. Meðaldvalarlengd á þennan mælikvarða dróst saman um 19% og er það langmesti samdrátturinn sem mælst hefur í dvalarlengd hér á landi á þessu tímabili. Dvalarlengdin hefur verið að dragast saman á hverju ári í þeirri uppsveiflu sem hófst í ferðaþjónustu árið 2011. Það eru þó tvær undantekningar á því annars vegar árið 2012 þegar dvalarlengdin jókst um 9,3% og hins vegar í fyrra þegar hún jókst um 1%. Sé skoðuð fylgni á milli annars vegar breytinga í gengi krónu og breytinga í dvalarlengd hins vegar frá árinu 2003 milli fjögurra fyrstu mánaða hvers árs kemur í ljós jákvæð fylgni upp á 62%. Það þýðir með m.ö.o. að breytingar í dvalarlengd og breytingar í

### Herbergjanýting 2017




Heimild: Hagstofa Íslands

### Dvalarlengd og breyting hennar



Dvalarlengd á fyrstu 4 mánuðum hvers árs og breyting frá fyrra ári  
Heimild: Hagstofa Íslands

### Breyting í gengi krónu og dvalarlengd



Breyting milli fjögurra fyrstu mánaða hvers árs og sama tímabils árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



gengi fylgjast að með þeim hætti að styrking krónu  
styttr dvalarlengd en veiking hennar lengir dvölin.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.